

## L Ö G

53

um

31. maí

**sölu á nokkrum hluta úr kirkjueigninni Mosfellsheiðarlandi.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi í Kjósarsýslu Mosfellsheiðarland í Mosfellshreppi, að undanteknu hinu svo nefnda Jónsseli.

**2. gr.**

Um mat á landinu fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. Kaupverðinu skal varið til ræktunar á heimajörð prestssetursins Mosfells, samkvæmt nánari ákvæðum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*